

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F120/2022

Reykjavík, 29. nóvember 2022

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

Hér með tilkynnist að embætti umboðsmanns Alþingis hefur lokið athugun sinni sem laut að ákvæðum í úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna fyrir skólaárið 2022-2023, sem birtar voru með auglýsingu nr. 378/2022, þar sem gerður er áskilnaður um rafræna málsmeðferð.

Tilefni athugunarinnar er að rekja til meðferðar umboðsmanns á kvörtun frá nafngreindum manni sem laut að grein 8.1.1 í ofangreindum úthlutunarreglum Menntasjóðs þar sem áskilið er að lánþegar undirriti á skuldabréf með rafrænum hætti fyrir hverja útborgun láns. Við meðferð málsins vakti það athygli umboðsmanns að í grein 1.3.1 virðist rafræn umsókn um námslán áskilin og í grein 1.3.4 virðist sú krafa gerð að einstaklingar, sem ekki eiga rafræn skilríki, hafi umboðsmann til að skrifa undir rafræn skuldabréf.


Af þessu tilefni var háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu ritað bréf 2. nóvember sl. þar sem þess var óskað að umboðsmaður yrði upplýstur um afstöðu ráðuneytisins til þess hvort ofangreind ákvæði úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna ættu sér fullnægjandi stoð í lögum nr. 60/2020, um Menntasjóð námsmanna. Umboðsmaður vísaði í úrskurð málskotsnefndar Menntasjóðs námsmanna í máli nr. M-5/2021 frá 1. júlí 2021 þar sem nefndin komst að þeirri niðurstöðu að óheimilt hefði verið á grundvelli þágildandi greinar 8.1.1 í úthlutunarreglum að krefjast þess af kæranda að hann undirritaði skuldabréf með rafrænum hætti og synja honum ella um útgreiðslu námsláns enda hefði skort skýra og ótvíræða heimild í lögum til slíkrar ákvörðunar. Athugast í því sambandi að umþrætt ákvæði þágildandi úthlutunarreglna stendur óbreytt í grein 8.1.1 í núgildandi reglum um þetta efni. Þá var í bréfi umboðsmanns vísað til ákvæða IX. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993, eins og lögunum var breytt með lögum nr. 51/2003, þar sem fjallað er um rafræna meðferð stjórnsýslumála en af ákvæðum kaflans leiðir að lögin veita ekki heimild til að einskorða meðferð stjórnsýslumála við rafræna meðferð.

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Í svari háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra 23. nóvember sl. er bent á að í kjölfar ofangreinds úrskurðar hafi framkvæmd Menntasjóðs námsmanna breyst á þá leið að lánþegum sé heimilt að koma í afgreiðslu sjóðsins til hefðbundinnar undirritunar á skuldabréf, sé þess óskað. Jafnframt sé þess gætt að námsmenn, sem rétt eiga á námsláni, geti komið upplýsingum á framfæri og undirritað skjöl óháð getu þeirra til að undirrita með rafrænum hætti eða afstöðu til slíkrar framkvæmdar. Lýsir ráðuneytið þeirri afstöðu sinni að hvorki lög nr. 60/2020, um Menntasjóð námsmanna, né heldur IX. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 veiti heimild til að einskorða málsmeðferð stjórnsýslumáls við rafræna meðferð. Í bréfinu er umboðsmaður upplýstur um að til standi að breyta úthlutunarreglum til samræmis við ofangreind sjónarmið og breytta framkvæmd í samráði við Menntasjóð námsmanna.

Í ljósi þess sem fram kemur í bréfi ráðuneytisins um áform þess varðandi breytingu úthlutunarreglna Menntasjóðs námsmanna tel ég ekki tilefni til að halda athugun málsins áfram að svo stöddu. Áfram verður þó fylgst með málinu af hálfu embættisins og þeirri vinnu sem áformuð er í ráðuneytinu. Loks er þess óskað að ráðuneytið upplýsi umboðsmann þegar þeirri vinnu, sem lýst er í svörum þess, er lokið.

Virðingarfyllst,


Skúli Magnússon